

Eflum góð samskipti barna og unglunga í skólanum og leysum ágreining á skynsamlegan hátt

Skólinn er stofnun þar sem börnum er ætlað að tileinka sér ýmskonar þekkingu sem gerir þau hæfari til að lifa og starfa í lýðræðissamfélagi. Þó áherslan sé mikil á ákveðnar bóklegar og verklegar námsgreinar má ekki gleyma því að meðal þess sem mikilvægt er að efla hjá börnum er umburðarlyndi og náungakærleiki auk þess sem þjálfar þarf hjá þeim hæfni til samvinnu og sjálfsþekkingar. Það er vandlifað í veröldinni án þess að geta umborið annað fólk eins og það er og þá ekki síður án þess að hafa skilning á sjálfum sér og eigin þörfum. Í skólum verða oft á tíðum árekstrar milli barna sem geta leitt til frekari illinda og leiðinda. Kennarar og starfsfólk skóla verður því að hafa verkfæri til að leysa úr vanda sem upp kemur í samskiptum og þá ekki síður verkfæri til að byggja upp góðan samstarfsanda hjá nemendahópum sínum. Ágreiningur er þroskandi ef tekist er á við hann á skynsamlegan hátt. Að skiptast á skoðunum og taka sameiginlega ákvörðun styrkir sjálfsmynd og samskiptafærni manna.

Hvernig getum við byggt upp góðan anda í nemendahópnum? Gefum skýr skilaboð, setjum mörk notum leiki og uppbyggilegar kennsluáðferðir.

Eitt af því mikilvægasta til að byggja upp góðan anda í nemendahópnum eða í kennslustofunni er að kennarinn sjálfur sé meðvitaður um þau skilaboð sem hann sendir til nemenda bæði í orðum og með fasi sínu. Hann þarf að vera skýr og gagnorður í fyrirmælum sínum til barnanna. Mörg börn eiga erfitt með að halda athygli og þau verður að aðstoða með því að ganga til þeirra og ná augnsambandi áður en fyrirmæli eru gefin og oft á tíðum er nauðsynlegt að biðja þau að endurtaka það sem sagt var. Kennarinn verður einnig að setja mörk hvað varðar leyfilega hegðun í kennslustundum og fylgja þeim eftir við börnin. Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því að börn hegða sér ekki sem skildi og kennarinn þarf að velja því vandlega fyrir sér og skoða hver ástæðan gæti verið. Það er t.d. ekki víst að þó Gunna litla kalli stöðugt á athygli með því að standa upp frá borðinu sínu og pikka í Sollu með blýanti sé það vegna þess að hún vilji meiða hana. Það gæti verið að hún þráði að kennarinn tæki eftir sér og talaði við sig. Þá er ekki lausnin að kennarinn ávíti Gunnu og veiti henni með því neikvæða athygli heldur væri betra að hann hunsaði hegðunina og hrósaði síðan Gunnu og veitti henni með því jákvæða athygli þegar hún er að hegða sér vel eða gera það sem hún á að gera í stofunni.

Leikir, ýmskonar eru gagnlegir til að skapa ánægjulegar samverustundir í skólastofunni og oft er gott að hefja eða enda kennslustund á stuttum leik. Einnig má skipta nemendahópnum upp í litla hópa eða tvímenningsteymi með leikjum eins og : „Saman í hóp þeir sem eiga gæludýr“, „saman í hóp þeir sem eiga tvö systkini“ og svo framvegis. Slíkir leikir eru ekki einungis ánægjulegir heldur hjálpa þeir börnum á að átta sig á að þau eiga ýmislegt sameiginlegt með öðrum börnum. Finna má margskonar leiki á Veraldarvefnum en einnig skal hér bent á handbók með lífsleikniefninu Að ná tökum á tilverunni þar sem finna má hafsþjó af skemmtilegum orkuþróttum eða sem sé stuttum skemmtilegum leikjum. Leikir eru ekki tímasóun í skólastarfi.

Ýmsar kennsluáðferðir hafa gefist vel til að auka samheldni í bekkjum eða námshópum. Meðal þeirra eru ýmsar samvinnunámsáðferðir svo sem púslaðferðin sem kennarar geta lesið sér til um á ýmsum


vefjum og kennslufræðilegum handbókum. Púslaðferðin felur í sér sterk nauðsynjatengsl milli einstaklinganna í hópnum og gerir það að verkum að allir meðlimir eru mikilvægir fyrir heildarhagsmunum hópsins og um leið alla sem í hópnum eru. Bekkjarfundir eru einnig öflug kennsluáferð sem stuðlar að lýðræðislegum vinnubrögðum í bekknum. Gæta verður þess að þegar bekkjarfundir eru haldnir sitji börnin á stólum eða púðum í hring og séu á jafnræðisgrundvelli í umræðunum. Á bekkjarfundum má taka fyrir ýmis málefni sem þörf er á að ræða í bekknum eða námshópnum. Ingileif Ástvaldsdóttir hefur tekið saman litla bók um bekkjarfundi og þar má lesa sér til um framkvæmd þeirra.

Í þeim tilfellum sem einhverjir nemendur eiga erfitt með að komast inn í hópinn eða eignast vini í námshópnum getur verið gagnlegt að nota tengslahópa. Það eru hópar sem kennarinn býr til og börnin tilheyrja í ákveðinn tíma t.d. tvo mánuði og á þeim tíma eru unnin ákveðin verkefni og oft á tíðum sem fjölbreyttust þannig að einstaklingarnir í hópnum fái allir notið sín. Um slíka hópa má lesa í Handbók Olweusaráætlunar gegn einelti og andfélagslegu atferli.

Hvernig getum við leyst ágreining milli nemenda?


Til erum ýmsar leiðir til að leysa ágreining manna, en ein þeirra – Báðir sigra eða enginn tapar (win-win) er leið sem vert er að prófa. Áðferðin er kynnt í bók William J. Kreidler (1984), Creative Conflict Resolution og einnig í bók Thomas Gordon (2001), Samskipti kennara og nemenda. Kreidler bendir á að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því hver orsök ágreiningsins er eigi að leysa úr honum. Hann telur ágreining koma upp vegna þrenns konar ágreiningsefna, bjargráða, þarfa og gilda. Ágreiningur vegna bjargráða verður þegar tveir eða fleiri vilja fá sama hlutinn t.d. boltann eða athygli kennarans. Hann telur oftast einfalt að bregðast við og leysa ágreining af þessu tagi. Erfiðara getur reynst að leysa ágreining sem á rætur í þörfum því ástæðurnar fyrir honum eru ekki eins augljósar. Börn hafa margs konar þarfir t.d. þörf fyrir ást, völd, vináttu góða sjálfsmynd og svo framvegis sem allt getur verið andstætt þörfum annars barns í hópnum. Erfiðast segir Kreidler þó að leysa úr ágreiningi vegna gilda því þegar gildum manna er ógnað finnst flestum sjálfi þeirra ógnað og tilfinningahiti verður mikill. Þegar markmið rekast á er um gildi að ræða og erfitt getur verið að finna lausn sem sættir ólík sjónarmið.

Til að ágreiningur eigi sér stað þarf:



meginástæða

ágreinings



Ágreiningurinn stigmagnast ef:

1. Ef tilfinningatjáning eykst svo sem reiði og ergelsi
2. Ef ógnunin eykst
3. Fleira fólk tekur þátt og þarf að skipa sér í fylkingar
4. Börnin sem deila eru ekki vinir frá gamalli tíð
5. Börnin þekkja ekki leiðir til að að leysa deilur sínar friðsamlega

Ágreiningurinn stigminka ef:

1. Athyglinni er beint að vandamálinu en ekki einstaklingunum
2. Tilfinningatjáning minnkar og þar með ógnin
3. Börnin voru vinir áður en deilan hófst
4. Börnin kunna að leysa úr deilum eða hafa einhvern sem leiðbeinir þeim til þess.
(Kreidler, 1984:11-13).

Kreidler og Gordon mæla báðir með því að kennarar tileinki sér aðferð sem nefnd er win-win eða báðir aðilar sigra (enginn tapar) til að leysa ágreiningsmál. Þessi aðferð byggir á því að athyglinni er beint að vandamálinu og leiðum til lausna á því í stað þess að beina athygli að aðilunum sjálfum sem eiga í deilum. Þá er mikilvægt að átta sig á því hvort vandamálið/ágreiningurinn stafar af bjargráðum, þörfum eða gildum¹. Virk hlustun kemur hér að góðu gagni því það getur verið erfitt að átta sig á þörfum barna því þau geta oft á tíðum ekki orðað þær skilmerkilega. Kennarinn þarf að spyrja sjálfan sig: Hvað eru börnin að gera og hverju eru þau að reyna ná fram með því? Þegar hann heldur að hann sé kominn með nokkuð góða hugmynd um þarfir barnanna sem eiga í ágreiningi þar hann að kanna hjá börnunum hvort skilgreining hans á vandanum er rétt. Í rauninni má segja að þegar kennarinn getur skilgreint í hverju vandinn er fólgin sé hann kominn hálf leið að lausninni. Í framhaldi af því er leitað lausna sem báðir aðilar eða allir geta sætt sig við. Kreidler segir reyndar að ekki sé alltaf hægt að leysa ágreining með því að báðir aðilar sigri, svo rétt er að hafa það í huga. Hins vegar er munur á því hvort annar aðilinn sigrar og hinn tapar eða báðir tapa og svo hins hvort annar verður að gefa dálítið eftir svo sátt komist á.

¹ Með bjargráðum er hér átt við hluti eins og t.d. leikföng eða jafnvel athygli fullorðinna. Þarfir eru t.d. þörf fyrir ást og umhyggju, viðurkenningu, góða sjálfsmynd og vináttu. Gildi eru t.d. trú, pólitík og sannfæring af ýmsu tagi.

Við lausnaleit hentar vel að nota aðferð sem Gordon mælir með og felst í sex þrepum við að leysa vandamál.

1. Skilgreina vandann.
2. Leggja fram hugmyndir um mögulegar lausnir
3. Vega og meta hverja lausn
4. Ákveða lausnina
5. Ákvarða framkvæmd
6. Meta hversu vel lausnin reyndist (Gordon, 2001:203).

Gæta þarf þess að ekkert trúfli við þetta ferli. Það þarf næði og tíma. Aðeins þeir sem aðild eiga að vandamálinu eða ágreiningi eru þátttakendur. Kennarinn þarf að nota virka hlustun til að hlusta eftir þörfum þátttakenda og gagnlegt getur verið að skrá helstu atriði á töflu/flettistöflu jafnóðum. Kennarinn leggur ekki mat á tillögurnar til lausna þegar þær koma fram. Þær verða metnar á 3. þrepi. Þá spyr kennarinn t.d. „Hvaða lausnir líst ykkur best á?“ og segir frá því ef einhverjar lausnir koma ekki til greina að hans mati. „Ég get ekki samþykkt þessa lausn vegna þess að.....“. Þátttakendur rökstyðja þær lausnir sem þeim hagnast best. Kennarinn þarf að hvetja alla aðila til að segja sínar skoðanir. Gordon mælir gegn því að atkvæðagreiðsla sé höfð um bestu lausnina. Hann telur heppilegra að fá þátttakendur til að hugsa um hvað myndi gerast ef hver og ein lausnaleið er valin og hvort einhverjir ókostir fylgja þeim. Kennarinn stefnir að því að ná samstöðu um eina lausnaleið sem hann skráir og þátttakendur leggja hugsanlega nafn sitt við. Í kjölfarið er ákveðið hvernig staðið er að framkvæmdinni, hver á að framkvæma hvað, hver ber ábyrgð á hverju, hvenær og svo framvegis. Síðar fer svo fram mat á því hvernig til tókst. Einn meginkosturinn við að nota þessa aðferð er að hún skilur ekki eftir reiðitilfinningu hjá þátttakendum og hjálpar kennaranum að átta sig á raunverulegum vanda þeirra sem í hlut eiga.

Heimildir:

Að ná tókum á tilverunni. Handbók kennara. 2000. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Gordon, Thomas. 2001. *Samskipti kennara og nemenda í skólum, félagsstarfi, á heimilum og leikvöllum.* Reykjavík, Æskan.

Ingileif Ástvaldsdóttir. *Bekkjarfundir, leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara og stjórnendur bekkjarfunda.* [Óprentað handrit]. Dalvík [höf.].

Kreidler, William J. 1984. *Creative Conflict Resolution. More Than 200 Activities for Keeping Peace in the Classroom K-6.* Tucson, AZ, Good Year Books.

Olweus, Dan. *Handbók Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli nemenda.*